

## Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um lánveitingar til sjávarútvegsfyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hefur verið þróun lánveitinga lánastofnana til sjávarútvegsfyrirtækja árlega síðustu fimm ár?
2. Í hve mörgum fiskiskipum með aflahlutdeild hefur verið tekið veð fyrir þessum lánveitingum árlega síðustu fimm ár og hvað liggur slík veðsetning að baki háum lánveitingum lánastofnana til sjávarútvegsins á þessu tímabili, sundurliðað eftir árum?
3. Hverjar voru eftirstöðvar lána hjá lánastofnunum sem tryggð voru með veði í fiskiskipum með aflahlutdeild um síðustu áramót?
4. Hefur eitthvað verið um að lánastofnanir hafi krafist veðsetningar í fiskiskipum með aflahlutdeild vegna skuldbreytinga lána sem tekin voru fyrir gildistöku laga um samningsveð frá maí 1997 í stað annarra ábyrgða? Ef svo er, í hve miklum mæli?

**Skriflegt svar óskast.**